



Þróunar og nýsköpunarverkefni Borgarhólsskóla 2011 - 2012



Foreldri reynir sig við þúsluspilið

Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar

Borgarhólsskóli

Skólagarði 1
640 Húsavík

Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar

Verkefnastjóri: Þórgunnur R. Vigfúsdóttir



Áherslusvið sjóðsins voru að þessu sinni:

- *Siðfræði og gagnrýnin hugsun*
- *Skapandi nám: Nýsköpun i námsumhverfinu*

Tilgangur verkefnis.

Tilgangurinn með verkefninu er að tengja saman á markvissan hátt ferðir nemenda innan sveitafélags og nágrennis þar sem athyglinni er beint að sérkennum hvers staðar og unnið með þau á nýstárlegan og skapandi hátt. Á yngri stigum þar sem farið verður í ferðir, þ.e. sjötta og sjöunda bekk er lagður grunnur að vinnubrögðum sem krefjast gagnrýnnar hugsunar í skapandi verkefnum sem verða unnin í samstarfi við fagfólk. Á síðari stigum, áttunda til tíunda bekk vinna nemendur í sex vikna lotum að sjálfvöldum verkefnum sem krefjast skapandi hugsunar og útfærslu af hálfu nemenda.

Markmið með verkefninu hjá 5.-7. bekk er að;

- ◆ auka gæði og skilvirkni náms/valgreina fyrir nemendur
- ◆ auka vægi skapandi náms og nýsköpunar
- ◆ að nemendur vinni á nýskapandi hátt
- ◆ efla grenndarkennslu og tengingu á millli kjarna í sameinuðu sveitarfélagi.

Markmiðin með verkefninu hjá 8. – 10. bekk eru að;

- ◆ Skapa nemendum tækifæri til að vinna á skapandi hátt
- ◆ efla gagnrýna hugsun
- ◆ hugsa lausnamiðað
- ◆ auka stuðning
- ◆ koma til móts við þarfir nemenda hverju sinni
- ◆ koma til móts við bráðgera nemendur.

Áætlaðar afurðir verkefnis:

- aukin þekking nemenda á skapandi vinnu, nýsköpun og frumkvöðlafræðum
- aukin og betri tengsl nemenda í sveitafélaginu
- aukin þekking á þörfum og getu sveitafélagsins og nágrennis
- aukin þekking nemenda á landshlutnum sem þau búa í.

Leiðir

- Fengnir voru fyrirlesarar bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Fyrirlesari kom m.a. frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Starfsfólk fór á námskeið í tæknimálum.
- Öll ferðalög voru endurskilgreind.
- Leitað var samvinnu við nágranna um heimsóknir milli skóla.
- Stundatöflum unglingsastigs var breytt. Settar voru inn kennslustundir Áhugasvið og Nýsköpun sem og vinnustofur.

Frávik voru lítil frá upprunalegri áætlun ef nokkur.

Helstu hindranir sem upp komu voru sennilegast kjarasamningar kennari og vinnutími þeirra. Stundum erfitt að finna tíma þar sem allir geta samæmt sig þegar margir koma að málum. Miðstig fékk ekki nægan tíma í ferðalögin, þau hefðu þurft að standa ögn lengur.

Helsti áviningur er án efa mjög jákvæðar breytingar á stundatöflu unglingsastigs til lengri tíma sem og aukin vitund nemenda um nágrenni sitt og möguleika.

Mat á verkefninu og niðurstöður

Verkefnið hefur haft mikið gildi fyrir okkur og samfélagið. Breyting hefur orðið á skólastarfi, breyting sem komin er til að vera. Almenn ánægja er meðal starfsfólks, nemenda og foreldra með þær breytingar sem urðu á stundskrá unglingsastigs en þær breytingar eru komnar til að vera. Ferðalögin eru orðin markvissari og hafa nú sterka tengingu við Aðalnámskrá grunnskóla og nágrannsveitarfélög og staði innan okkar sveitarfélags, þá hafa tengsl myndast milli nemenda í skólum svæðanna. Markmiðin sem við settum okkar hafa flest náðst. Það markmið sem við þurfum að halda meira á lofti og krefjast vinnu við er nýsköpunarátturinn, að honum þurfum við og munum huga sérstaklega að á næsta skólaári.

Verkefnið mun því halda áfram að lifa og dafna og sennilegast taka einhverjum breytingum eðlilega þegar markmiðum er náð. Verkefnið hefur haft meiri áhrif á okkur og starfið innan skólans en við gerðum ráð fyrir og er það skemmtileg staðreynd. Við viljum núna fara sem víðast til að kynna það og breiða út boðskapinn. Það er ákaflega hvetjandi fyrir okkur sem störfum í Borgarhólsskóla að finna að þetta verklag heillar aðra skóla og mun hafa áhrif víðar en hjá okkur.

Kynning hefur farið fram fyrir skólastjóra í FSNE og sýndu þeir mikinn áhuga. Einhverjir skólar ætluðu sér að prufa vinnustofuhugmyndina. Verkefnið hefur líka verið kynnt á sameiginlegum uppgjörsfundi skóla á Skólapjónustusvæði Norðurþings um Námsmat. Þá hefur verkefni verið á Þórshöfn einnig. Framundan er kynning á verkefninu á ráðstefnunni Vaxtasprota í skólastarfi.

Annað

Meðfylgjandi eru ýmsar upplýsingar um þann hluta verkefnisins sem snéri að unglingsastigi.